

Íbúaráð Árbæjar- og Norðlingaholts hefur tekið til umfjöllunar deiliskipulagstillögu að Elliðaárdal sem auglýst var 16.03.2020.

Íbúaráð fagnar því að Elliðaárdalur verði borgargarður og að framtíð hans verði fest í sessi með deiliskipulagi. Ráðið leggur áherslu á að uppbygging mannvirkja í dalnum verði takmörkuð sem mest og helgist í framtíðinni af þörfum dalsins sem útivistarsvæði. Tryggt verði að uppbygging atvinnu- og íbúðarhúsnæðis verði ekki innan svæðisins.

Íbúaráð leggur áherslu á að nauðsynlegar framkvæmdir sem ráðist verður í við samgöngumannvirki s.s. göngubrýr og stíga innan svæðisins verði í sátt við viðkvæmt umhverfi þess og valdi ekki óþarfri röskun.

Loks leggur íbúaráð áherslu á að nauðsynlegri umhirðu borgargarðsins verði sinnt og fjármagni úthlutað til þess verks í samræmi við stærð og umfang svæðisins.

*Þorkell Heiðarsson, Formaður*

*Ásta Katrín Hannesdóttir, Varaformaður*

*Elvar Örn Þórisson, Fulltrúi íbúasamtaka*

*Eva Leplat Sigurðsson, Slembivalinn fulltrúi*